

Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í Gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri þann 16. apríl 2014 kl. 14:00

Mætt voru : Páll Ingvarsson, Sigurlína Jóhannesdóttir, Davíð Herbertsson, Sigrún Þorsteinsdóttir og Helga Sigurrós Bergsdóttir. Auk þess sat Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga fundinn.

Dagskrá:

1. Landsfundur í haust – skemmtiatriði á laugardagskvöldi

Rætt um að fá t.d. Álftagerðisbræður, etv of dýrt, einnig góðan veislustjóra, t.d. Gunnar Rögnvaldson og Jón Hall Ingólfsson eða Bjarna Maronsson, einnig voru nefndir Agnar á Miklabæ og séra Magnús Magnússon á Staðarbakka í Miðfirði. Sigrún byrjar á að heyra í Bjarna Maronssyni.

2. Tækjamál -

Páll upplýsir að Óli – (akureyringur) hafi keypt kurlara og fari um sveitir eftir óskum. Skógræktarfélag Eyjafjarðar og Jóhannes á Silfrastöðum eiga sameiginlega stauravél, einnig á sama félag flettisög sameiginlega með Norðurlandsskógum.

3. Aðalfundur LSE

Skógarferð eftir aðalfundinn í Reykjarhólsskóg.
Ákveðið að sækja um styrki til Norðurlandsskóga og Skógræktar ríkisins, KS og Varmahlíðarstjórnar, einnig senda bréf til LSE með ósk um styrk til kynningar á skógrækt í Skagafirði. Helga útbýr umsóknareyðublað en Páll sér um að senda umsóknir.

Hafa samband við Önnu á Krithól um að afpanta kaffibrauð á laugardeginum, því við verðum þá í skógarferðinni, nóg að hafa bara kaffi og te. Helga sendir sníkjubréf um súkkulaðibita til Nóa Síríus.

Samþykkt að leita eftir því að Norðurlandsskógar og Skógrækt ríkisins sjái um veitingar, eins og ketilkaffi, brauðmeti og ef til vill eitthvað fleira, í skógargöngu. Valgerður viðar að sér upplýsingum um Reykjarhólsskóg til að nota í skógarferðinni og verður með kynningu áður en farið er út.

Kraftmeiri skógar verða með fund á undan aðalfundinum, athuga að þeir taki þátt í kostnaði við leigu á Miðgarði. Valgerður ræðir það við Hrönn.

Fundarstjóri – tillaga um Önnu - Páll ræðir við hana. Einnig kom tillaga um Helgu á Mælifellsá.

Fordrykkur – biðja Önnu um að ræða við þau í Miðgarði um hvort það sé í lagi að félagið sjái um það sjálft. Einnig um hvort félagsmenn megi koma með borðvín með sér sjálfir.

Gjöfin - Ákveðið að hafa frekar lógó „Félags skógareigenda á Norðurlandi“, á svuntunum ef það er ekki mikið dýrara en að hafa texta. En áður var ákveðið að hafa textan „Ég er skógarbóndi“. Þanta 100 svuntur í skógargrænum lit. Helga sér um þetta.

4. Skógarganga

Ákveðið að sleppa hefðbundinni skógargöngu þetta sumarið, en láta gönguna um Reykhólaskóg, á LSE fundunum duga.

5. Framlag til LSE

Frekari umræðu frestað, en fundarmenn töldu að réttast væri að stjórn LSE kæmi með tillögu um hvernig þessu væri háttað og að sömu reglur giltu um öll landshlutafélögin.

Fundi slitið kl. 16:30

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.